

## Myndlist Ásýnd Aðalheiðar

Aðalheiður Valgeirsdóttir opnar sýningu á nýjum málverkum á fimmtudag kl. 17 á vinnustofu sinni á Grettisgötu 3. Sýningin, sem ber yfirskriftina Ásýnd vísar, vísar til ytri veruleika náttúrunnar, þess sýnilega og skynjanlega, að því fram kemur í kynningu. Sýningin er opin frá 12 til 17 alla daga nema mánudaga og stendur til 29. maí.



Aðalheiður Valgeirsdóttir

## Ljósmyndun Ljósleg í Ráðhúsinu

Nú stendur í Ráðhúsi Reykjavíkur ljósmyndasýning Finns P. Fróðasonar, en sýningin er í senn kynning á nýttkominni bók með Íslandsmyndum, *Lightscapes / Ljósleg*, sem gefur út með Hauki Parelus Finnssyni syni sínum. Sú bók er reyndar tvær bækur í einni, þar sem bókinn hefur tvær framhliðar sem lesast inn að miðju. Sýningin er opin til 22. maí.



Kápa Ljóslegs

## Tónlist Bryndís syngur Janis

Söng- og leikkonan Bryndís Ásmundsdóttir bregður sér í hlutverk söngkonunnar Janis Joplin ásamt hljómsveit í Tjarnarbiói næstkomandi föstudag kl. 20. Með Bryndísi spila Ingi Björn Agnason á bassa, Kristinn Snær Agnarsson á trommur, Stefán Örn Gunnlaugsson á hljómborð, Stefán Magnússon og Kjartan Baldursson á gítar.



Bryndís Ásmundsdóttir

# Þörf fyrir að skrá tvo heima

● Sýningin Eitthvað í þá áttina stendur yfir í Listasafni Reykjaneshæjar ● Raunheimi og listheimi teflt saman

Díana Rós A. Rivera  
diana@mbl.is

„Alveg frá byrjun langaði okkur að bera saman raunheim og listheim,“ segir Inga Pórey Jóhannsdóttir um sýninguna Eitthvað í þá áttina sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjaneshæjar. Sýningin er um kortagerð, skrásetningu og staðsetningu og eru sýningarstjórar Inga Pórey og Didda Hjartardóttir Leaman.

Á sýningunni er annars vegar að finna landfræðileg kort og annað minnisvert frá Byggðasafni Reykjaneshæjar og hins vegar verk eftir hina ýmsu listamenn og segir Inga Pórey sýninguna aðallega snúa að myndlist.

Verkin spanna 30 ára tímabil og voru sum þeirra unnin sérstaklega fyrir sýninguna. „Okkur fannst spennandi að tala við listamenn sem við vitum að eru að vinna inni á þessu svæði, annaðhvort út frá einhverjum kerfum eða beint með kort og staðsetningar,“ segir Inga Pórey. Hún bætir við að þeim hafi fundist áhuga-vert að tefla saman einhverju nýju og verkum sem margir hafi séð áður.

### Margþætt kortagerð

Að sögn Ingu Póreyjar langaði sýningarstjórana að sýna fólki hversu mikil breidd væri í kortagerð, hana sé hægt að skoða út frá mörgum flötum. Hún felist ekki einungis í vinnu við tvívíð kort og sé stór hluti sýningarinnar þrívíð verk. Til að mynda



Ljósmynd/Ellert Grétarsson

**Kortagerð** Frá opnun Eitthvað í þá áttina í Listasafni Reykjaneshæjar sl. laugardag. Þar eru eru sýnd verk eftir níttján listamenn.

mætti þar finna bakpoka sem gestir geti tekið með sér í vettvangsferð, tekið myndir á einnota myndavél sem er að finna í pokanum og skráð ferðir sínar í dagbók. „Innihald pokans verður alltaf ríkara eftir því sem fleiri fá hann lánaðan,“ segir Inga Pórey.

Tvö verk á sýningunni vísa í mannlíkamann og kortleggja hann á nokkuð persónulegan hátt.

„Eyglo Harðardóttir fékk fagmann til að láta dáleida sig með það markmið að kortleggja svæði innan líkamans. Undir dáleidslu teiknaði hún þverskurð af hálsinum og skráði um

leið niður upplifun sína. Katrín Sigurðardóttir lét hins vegar ljósmynda alla fæðingarblettina sína, stækkaði þá upp og vann með þá sem lönd eða eyjar inn í raunveruleg kort,“ segir Inga Pórey og bætir við að úr svo miklu hafi verið að velja að ekki hafi verið nægilegt rými fyrir allt sem gert hefur verið af ýmsum listamönnum í gegnum tíðina og snertir viðfangsefnið. „Ég gæti talað endalaust um sýninguna,“ segir hún að lokum og hlær við.

Sýningin var opnuð 14. maí síðastliðinn og stendur yfir til 22. ágúst.

# Heimsslitahátíð á Bakkusi

● Skáld, gerningafólk og hljómlistasveitir koma fram og fagna heimsendi sem spáð er á laugardagskvöld

Eins og fram hefur komið verður heimsendir næstkomandi laugardag og af því tilefni efnir Kjöttromman til Heimsslitahátíðar á Bakkusi þann dag. Dagskráin hefst kl. 19.00 og stendur til miðnættis. Fram koma skáld, gerningafólk og hljómlistasveitir.

Skáld kvöldsins eru Anton Helgi Jónsson, Einar Ólafsson, Jón Örn Loðmfjörð og Gregor Balazt. Snorri Ásmundsson, Ólafur Lárusson, Gerningajónusta Inferno 5 og hjónin Ms. & Mr. Hirt fremja gerninga og einnig lætur Anarkistakór Reykjavíkur í sér heyra. Sýnd verða myndbandsverk eftir tvíeykið Alltaf þessi helvítis von sem skipað er þeim Steinunni Gunnlaugsdóttur og Katrínu Ólafsdóttur.

Gestgjafi kvöldsins er tónsveitin



**Heimsendir** Tónsveitin Burning Brain & the Wheel of Work er meðal þeirra sem fagna tilvonandi heimsendi á Bakkusi á laugardagskvöld.

## Borgarleikhúsið

568 8000 – borgarleikhuis.is – midasala@borgarleikhuis.is

**NEI RÁÐHERRA!** – ★★★★★☆ IB, Mbl

<b>NEI, RÁÐHERRA!</b> (Stóra sviðið)		
Fim 19/5 kl. 20:00	Sun 29/5 kl. 20:00	Fös 10/6 kl. 20:00
Fös 20/5 kl. 19:00	Fös 3/6 kl. 20:00	Lau 11/6 kl. 20:00
Lau 28/5 kl. 19:00	Lau 4/6 kl. 20:00	
<small>Tveggja tíma hláturskast...með hléi</small>		
<b>STRÝGHÆRÐI PÉTUR</b> (Litla sviðið)		
Mið 18/5 kl. 20:00	Fim 19/5 kl. 20:00	Fös 20/5 kl. 20:00 lokasýn
<small>Áhorfendur standa á sýningunni. Ekki við hæfi ungra barna. Sýningum lýkur í maí</small>		
<b>HÚSMÓÐIRIN</b> (Nýja sviðið)		
Mið 18/5 kl. 20:00 12.k	Lau 28/5 kl. 20:00 aukasýn	Lau 4/6 kl. 20:00 22.k
Fim 19/5 kl. 20:00 aukasýn	Sun 29/5 kl. 20:00 17.k	Pri 7/6 kl. 20:00
Fös 20/5 kl. 20:00 13.k	Pri 31/5 kl. 20:00 18.k	Mið 8/6 kl. 20:00
Sun 22/5 kl. 20:00 14.k	Mið 1/6 kl. 20:00 19.k	Fös 10/6 kl. 20:00
Pri 24/5 kl. 20:00 15.k	Fim 2/6 kl. 20:00 20.k	Lau 11/6 kl. 20:00
Mið 25/5 kl. 20:00 16.k	Fös 3/6 kl. 20:00 21.k	Mið 15/6 kl. 20:00
<small>Nýr íslenskur gleðileikur eftir Vesturport. Ósottar pantanir seldar daglega</small>		
<b>Faust</b> (Stóra svið)		
Lau 21/5 kl. 20:00	Sun 5/6 kl. 20:00	
Fös 27/5 kl. 20:00	Fim 9/6 kl. 20:00	
<small>Örfár aukasýningar í maí og júní</small>		
<b>Opening Night - Les Slovaks</b> (Stóra sviðið)		
Sun 22/5 kl. 20:00		
<small>Á Listahátíð - Harðjalexar sem dansa eins og englar</small>		
<b>Ferðalag Föfnixins</b> (Stóra sviðið)		
Mán 23/5 kl. 20:00 forsýn	Mið 25/5 kl. 20:00	
Pri 24/5 kl. 20:00 frumsýn	Mið 25/5 kl. 22:00	
<small>Á Listahátíð - Um listina að deya og fæðast á ný</small>		
<b>Klúbburinn</b> (Litla sviðið)		
Fös 3/6 kl. 20:00 frumsýn	Sun 5/6 kl. 20:00 2.k	Mið 8/6 kl. 20:00 4.k
Lau 4/6 kl. 20:00	Pri 7/6 kl. 20:00 3.k	Lau 11/6 kl. 20:00 5.k
<small>Á Listahátíð - Samstarfsverkefni Borgarleikhússins og Klúbbsins</small>		
<b>Eldfærin</b> (Stóra sviðið)		
Lau 21/5 kl. 13:00	Lau 28/5 kl. 13:00	Sun 29/5 kl. 13:00
<small>Sögustund með öllum tófrum leikhússins</small>		

## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / leikhuisid.is

# BALLID Á BESSASTÖÐUM

# Teikningar eftir Tomi Ungerer

● Heimspæktur fyrir myndskreytingar fyrir börn og fullorðna

Listahátíð í Reykjavík verður sett á föstudag og á laugardag verða opnaðar tvær af sumarsýningum Listasafns Reykjavíkur sem eru einnig á dagskrá Listahátíðar. Báðar sýningarnar, *Sjónarmið – á mótum myndlistar og heimspeki* og *Tomi Ungerer – Teikningar og veggspjöld* verða opnaðar af borgarstjóranum í Reykjavík, Jóni Gnarr, í Hafnarhúsinu á laugardag kl. 14.

Tomi Ungerer fæddist í Strassburg í Alsace-héraði í Frakklandi í nóvember 1931. Hann hreifst af teikningum í tímaritinu New Yorker sem ungur maður og teiknurum eins og Saul Steinberg, sem teiknaði í það rit, og eins listamönnum George Grosz og Paul Klee. Ungerer fluttist til Bandaríkjanna um miðjan sjötta áratuginn og þar tók hann til við að teikna í barnabækur og eins vann hann talsvert fyrir ýmis tímarit þar vestra og eins fyrir sjónvarp.

Alls hefur hann sent frá sér ríflega 140 bækur, allt frá barnabókum til fullorðinsbóka, sem sumar hafa orðið umdeildar. Hann er þekktur fyrir samfélagslega kaldhæðni en verk hans hafa einnig beinst gegn félagslegum og stjórnmálalegum breytingum sem urðu í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. Á sýningunni í Hafnarhúsinu,



Með leyfi Listasafns Reykjavíkur

**Kaldhæðni** Ónefnd teikning eftir Tomi Ungerer frá 1987-1990.

sem kemur frá Tomi Ungerer Museum í Strassburg, er brot af teikningum hans, sem eru annars vegar ætlaðar börnum og hins vegar fullorðnum. Sýningarstjóri er Thérèse Willer, forstöðumaður safnsins. Sýningin stendur til 24. júlí.

Á mánudag kl. 17 heldur Thérèse Willer erindi um Tomi Ungerer og verk hans í Hafnarhúsinu. Fyrirlesturinn fer fram á frönsku og verður þýddur á íslensku á staðnum.